



# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur

4. febrúar 2011  
29. tölublað 11. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI



## Lætur í sér heyra

Víkingur Heiðar segir þreytandi að hlusta á fólk tala um listir sem hobbí.

**föstudagsviðtalið 12**

## Bandaríkin kalla

Björgvin Franz Gíslason segir skilið við Stundina okkar.

**fólk 38**




## Fóru létt með Keflavík

KR-ingar hafa byrjað nýja árið frábærlega í körfunni.

**sport 34**

## veðrið í dag



ÉL VESTRA í dag verða sunnan 8-13 m/s og él V-til en norðaustan strekkingur og snjócoma norðaustast. Annars hæg breytileg átt og þurr. Frost 0-8 stig.

**VEDUR 4**



## HEIMSÓKN FRÁ GARÐABÆ

Þessi skemmtilegi hópur úr Hofsstaðaskóla heimsótti 365 miðla ásamt kennara sínum í dag. Þau fræddust um alla fjölmiðlana og skoðuðu meðal annars stúdíó FM957 og myndver fréttastofu Stöðvar 2.

# Ferðapjónustan fullsödd af dýrum mat

Samtök ferðapjónustunnar hafa varann á gagnvart fyrirheitum stjórnvalda til bænda vegna viðræðna við ESB, sem geti þýtt að matarverð verði áfram hátt.

**EVROPUMÁL** Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðapjónustunnar [SAF], segir samtökin hafa „ákveðna fyrirvara“ gagnvart landbúnaðarþætti aðildarviðræðna við Evrópusambandið, því að SAF vilji geta boðið upp á ódýrari landbúnaðarvörur. Erna vísar til þess að stjórnvöld hafi talað um sérlausnir í landbúnaðarmálum til verndar bændum.

„Það þarf að vera hóflegt verð á landbúnaðarvörum og frelsi í innflutningi þeirra. Það gefur auga leið að veitingamenn vilja fá landbúnaðarvörur á betra verði,“ segir Erna. Hún telur brýnt að í stað aðflutningsgjalda fái bændur betra rekstrarumhverfi til að verða samkeppnishæfari.

Þær búvörur sem nú má flytja inn séu með „svo hroðalegum tollum að þær verða mjög dýrar til

**11%** lækkun matarverðs í Finnlandi eftir inngöngu í ESB.

SKÝRSLA NEYTENDASAMTAKANNA 2008

neytandans. Við viljum ekki halda því áfram,“ segir Erna. Landið þurfi að geta boðið ferðamönnum samkeppnishæft verð.

Tollar milli Íslands og ESB-ríkja myndu að óbreyttu falla niður við aðild landsins. Í Finnlandi lækkadi matarverð um 11 prósent að meðaltali við inngöngu í ESB. Einstaka vörur, svo sem kjúklingar, lækkuðu um þriðjung.

Erna bendir á að háir tollar séu jafnvel á vörum eins og nautakjöti og kjúklingum, sem skorti oft á

landinu. „Og á ostum, sem eru með yfirtengilega tolla. Af hverju þarf að borga mörg hundruð prósent toll á geitaost sem er ekki einu sinni framleiddur hérna?“

Í meirihlutaáliti utanríkismálanefndar Alþingis um aðildarviðræðurnar kemur fram að tryggja skuli „öflugan íslenskan landbúnað“. Þar kemur og fram neikvæð afstaða til matvælaflutninga milli landa. Sagt er að mikilvægt sé að „leita allra leiða til að búa svo um hnúta að stuðningi við landbúnað verði sem minnst raskað.“

Afstaða Bændasamtakanna er að tollvernd sé forsenda þess að viðhalda framleiðslugetu og nýtingu lands til landbúnaðar. Algjör niðurfelling tolla myndi kippa rekstrargrundvelli undan búskap og afurðastöðvum að mati BÍ.

- kóp

## Jón Gnarr í Múmíndalnum: Borgarstjórinn talar fyrir Snúð

**FÓLK** Jón Gnarr borgarstjóri talar fyrir Snúð, besta vin Múmíndalsins, í teiknimyndinni Múmíndalarnir og halastjarnan sem frumsýnd verður hér á landi um helgina. Jón hefur oft talað um hversu hrifinn hann sé af hugmyndafræði Múmíndalsins.

„Ég fór til Finnlands fyrir skömmu og hitti þá aðstandendur myndarinnar. Þeir höfðu heyrt af áhuga mínum og vildu endilega að ég fengi að velja mér hlutverk,“ segir borgarstjóri.

- fgg/ sjá síðu 38



OPIÐ TIL  
**19**

Smáralind

ÚTSÖLULOK  
UM HELGINA  
Götumarkaður

Kringlan

# ÚTSALA

Lokahelgin  
Götumarkaður  
og ótrúlegt verð!

Egyptalandsforseti óttast að skálmöld brjótist út segi hann af sér embætti:

## Mubarak segist tilbúinn til að hætta

**EGYPTALAND** Hosni Mubarak Egyptalandsforseti sagði í viðtali við fréttakonuna Christiane Amanpour hjá ABC-fréttastofunni í gær að hann væri tilbúinn til að afsala sér völdum í landinu. Hins vegar óttast hann að segi hann af sér embætti brjótist út skálmöld í landinu.

Í viðtalinu lýsir hann áhyggjum sínum og sorg yfir atburðum síðustu daga, en heldur því jafnframt fram

að aldrei hafi staðið til að sonur hans Gamal tæki við forsetaembættinu af honum.

Átök á milli mótmælenda og stuðningsmanna forsetans héldu áfram í gær. Herinn hefur gefist upp á því að skilja á milli fylkinganna.

Heilbrigðisráðherra landsins, Ahmed Samih Farid, segir átta hafa fallið síðan á miðvikudag og að tæplega 900 séu sárir, sumir lífshættulega.

- shá/ sjá síðu 2